

5

4. jan.

2. gr.
Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 70 5. júní 1947, og lögum nr. 37 12. júní 1939, sbr. lög nr. 59 7. maí 1940, öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 8 19. janúar 1949, um viðauka við reglugerð nr. 130 23. september 1947.

Viðskiptamálaráðuneytið, 4. janúar 1950.

Björn Ólafsson.

Yngvi Ólafsson.

6

6. jan.

AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjakaupstað, nr. 70 3. ágúst 1926, sbr. reglugerð nr. 9 4. janúar 1941, og nr. 73 13. maí 1942.

1. gr.

18. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist svo:

Hafnsögugjöld.

Öll aðkomuskip, sem fara inn á innri höfn skulu, hvort sem þau nota hafnsögumann eða eigi, skyld að greiða hafnsögugjald eins og hér segir, reiknað af nettóstærð skipsins.

Innlend skip og bátar greiða hafnsögugjald einu sinni á ári, ef þau koma á innri höfn, nema þau noti aðstoð hafnsögumanns.

Herskip og varðskip eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

- a. Fyrir leiðsögu til hafnarinnar kr. 100.00 fyrir hvert skip, sem er allt að 100 nettó rúmlestir, og 40 aura fyrir hverja nettó rúmlest frá 100—300 nettó rúmlestir og 10 aura fyrir hverja nettó rúmlest þar yfir.
- b. Fyrir leiðsögu frá höfninni 100 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 nettó rúmlestir og 20 aura fyrir hverja nettó rúmlest frá 100 til 3000 nettó rúmlestir, og 5 aura fyrir hverja nettó rúmlest þar yfir.
- c. Fyrir leiðsögu um höfnina greiðist 50 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 nettó rúmlestir, og 10 aurar að auki fyrir hverja nettó rúmlest fram yfir 100.
- d. Fyrir að vera úti í skipum greiðist 100 krónur á sólarhring, eða hluta úr sólarhring, þar til hafnsögumaður er kominn heim, auk þess greiðist fæði og útlagður ferðakostnaður heim. Jafnframt greiði sömu skip hafnsögugjald samkvæmt staflíð a og b.

2. gr.

Vörugjald af ísvörðum fiski og hraðfrystum fiski skal vera kr. 2.00 fyrir hver 100 kg og af fiski upp úr salti og fullverkuðum saltfiski kr. 1.20 fyrir hver 100 kg, þar til öðruvísi kynni að verða ákveðið, þó ekki lengur en til ársloka 1950.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 6. janúar 1950.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Páll Pálmason.